

Miðvikudaginn 20.maí 1987.

Nr. 171/1986. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ellert B. Schram

Jónasi Kristjánssyni

Herði Einarssyni og

Sveini R. Eyjólfssyni

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. febrúar 1987.

Meðferð máls þessa í héraði var með þeim hætti að við þingfestingu málsins 25. júní 1985 komu ákærðu Hörður Einarsson og Jónas Kristjánsson fyrir dóm, í þinghaldi næsta dag ákærði Sveinn Reynir Eyjólfsson og í þinghaldi 26. ágúst ákærði Ellert B. Schram. Báru ákærðu fram ósk um verjanda, en skorudust allir undan því að tjá sig um sakarefnið fyrir en verjandi hefði verið skipaður. Eftir þetta komu ákærðu aldrei fyrir dóm, en bókað er eftir verjanda þeirra í þinghaldi 22. janúar 1987 að þeir hafi „fallið frá ósk sinni um að tjá sig frekar um sakagiftir.“ Þrátt fyrir það voru engin sönnunargögn færð fram í málinu, að öðru leyti en því að yfirmaður radióeftirlits Póst- og símamálastofnunar kom fyrir dóm og bar vitni. Þar sem ákærðu höfðu eigi komið fyrir dóm og lýst yfir því að þeir gengjust við háttsemi þeirri sem þeim var gefin að sök, voru eigi skilyrði til þess samkvæmt 122. gr. laga nr. 74/1974 sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976 að dæma málið án þess að færa fram önnur sönnunargögn. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja áfrýjunarkostnað á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda ákærðu, Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. mars 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 4. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 139-142/1986: Ákærvaldið gegn Ellert Björgvinssyni Schram, Jónasi Kristjánssyni, Herði Einarssyni og Sveini Reyni Eyjólfssyni, sem tekið var til dóms 10. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 11. janúar f.á. „á hendur Ellert Björgvinssyni Schram ritstjóra, Boðagranda 3, Reykjavík, fæddum 10. október 1939 í Reykjavík, Jónasi Kristjánssyni ritstjóra, Fornuströnd 2, Seltjarnarnesi, fæddum 5. febrúar 1940 í Reykjavík, Herði Einarssyni framkvæmdastjóra, Seljugerði 9, Reykjavík, fæddum 23. mars 1938 í Reykjavík, og Sveini Reyni Eyjólfssyni framkvæmdastjóra, Kvisthaga 12, Reykjavík, fæddum 4. maí 1938 í Reykjavík, fyrir brot á útvarpslögum og lögum um fjarskipti með því að hafa, þrátt fyrir fulla vitneskju um einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi og einkarétt ríkisins á uppsetningu fjarskiptavirkja, sammælt um stofnun og rekstur útvarpsstöðvar í Reykjavík undir nafninu „Fréttaútvarpið“ og síðan miðvikudaginn 3. október 1984, hafið útsendingar útvarpsfenis í tali og tónum til viðtöku fyrir almenning og haldið því áfram daglega fram til miðvikudagsins 10. október 1984, að hald var lagt á tækjabúnað útvarpsstöðvarinnar að Síðumúla 12-14, Reykjavík, og útsendingum var hætt.

Framanlýst atferli ákærðu telst varða við 2. gr., sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19, 1971 og 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73, 1984.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta upptöku samkvæmt 24. gr. útvarpslaga og 1. mgr. 23. laga um fjarskipti upptöku á tækjabúnaði þeim, sem hald var lagt á samkvæmt framansögðu, þ.e. einum stýrisenda, einum RF magnara, tveimur segulböndum, einum

blandara, tveimur sammiðjusrúmum, einum spennni, einu tengiboxi og loftneti ásamt 15-20 metra sammiðjustreng, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Háttsemi ákærðu varðar því við 1. mgr. 2. gr. útvarpslaga nr. 19, 1971 og 1. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 73, 1984. Ákærðu hafa því unnið til refsingar samkvæmt 24. gr. útvarpslaga og 1. mgr. 23. gr. fjarskiptalaga. Telst hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 sekt að fjárhæð 25.000 krónur, fyrir hvern ákærðu um sig, til ríkissjóðs. Greiðslufrestur sektar er 4 vikur og vararefsing 20 daga varðhald.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 19, 1971 og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 73, 1974 skulu ákærðu sæta upptöku á tækjabúnaði þeim sem notaður var við útvarpsreksturinn, þ.e. einum stýrisenda, einum RF magnara, tveimur segulböndum, einum blandara, tveimur sammiðjusrúmum, einum spennni, einu tengiboxi og loftneti ásamt 15-20 metra sammiðjustreng.

Loks greiði ákærðu sakarkostnaðinn in solidum, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þórðar S. Gunnarssonar, hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ellert Björgvinsson Schram, Jónas Kristjánsson, Hörður Einarsson og Sveinn Reynir Eyjólfsson, greiði hver um sig, 25.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir, hver um sig, varðhaldi í 20 daga.

Ákærðu sæti upptöku á tækjabúnaði, sem þeir notuðu við rekstur „Fréttaútvarpsins“, þ.e. einum stýrisenda, einum RF magnara, tveimur segulböndum, einum blandara, tveimur sammiðjusrúmum, einum spennni, einu tengiboxi og loftneti ásamt 15-20 metra sammiðjustreng.

Ákærðu greiði sakarkostnaðinn in solidum m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þórðar S. Gunnarssonar, hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 60.000 krónur.
